

**Nr. 19-154 S 094 Akurey AK 10*****Skipverji slasast á fæti***

*Skipaskr.nr.* 2890  
*Utgerð:* HB Grandi hf  
*Smíðaður:* Tyrkland 2016, stál  
*Stærð:* 1827,4 bt  
*Mesta lengd:* 54,75 m *Skráð lengd:* 51,77 m  
*Breidd:* 13,5 m *Dýpt:* 8,2 m  
*Vél:* M.A.N 1795 kW, 2015  
*Fjöldi skipverja:* 15



Akurey©Hilmar Snorrason

***Gögn:***

*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 15. október 2019 var Akurey AK 10 á togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: 10 m/s.

Skipverji var að vinna við trollpoka en þegar hann var að skera garn skrapp hnífurinn sem hann var með til og stakkt í hægra læri hans.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var að nota tenntan netaafskurðarhníf af gerðinni *Victorinox*. (*sjá mynd*);



- að hnífurinn gekk þrjá sentimetra inn í lærvöðvann en ekki hlaust varanlegur skaði af sárinu;
- að eftir slysið var tekin upp sú vinnuregla að rúnna oddinn af nýjum hnífum áður en þeir færu í notkun.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin bendir sjómönnum á þessa mikilvægu forvörn að rúnna odda af nýjum netahnífum.